

Atvinnuveganefnd Alþingis.
Við Austurvöll.
101 Reykjavík.

Selfossi 27. maí 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum o.fl., 680. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016

Undirritaður er í dag neytandi innlendra landbúnaðarvara og sérfræðingur í landnýtingu og gróðurvernd. Umsögn þessi varðar fyrst og fremst samning um starfskilyrði sauðfjárræktar, og þar með þær lagabreytingar sem stefnt er að með frumvarpi þessu, sem nauðsynlegar eru til að samningurinn geti tekið gildi. Umsögnin lýtur að því að ein af forsendum búvörusamningsins, þ.e. landnýtingarþáttur gæðastýrðrar sauðfjárframleiðsla, er brostin.

Almennt

Matvælastofnun, fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, hefur að undanfögnu samþykkt nokkra tugi nýrra landbótaáætlana fyrir fyrir beitarlönd þar sem sótt var um staðfestingu á sjálfbærri landnýtingu og beitarlönd uppfylltu ekki viðmið hlutaðeigandi reglugerðar nr. 1160/2013, með áorðnum breytingum um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Þeir úrskurðir voru í samráði við Landgræðslu ríkisins. Um það bil 10 landbótaáætlanir fyrir verst fögnu afrétti landsins bíða enn úrskurðar hjá Matvælastofnun, þ.e. um það hvort að landnýting á þeim sé einnig með sjálfbærum hætti. En í umsagnarferlinum gat Landgræðsla ríkisins ekki staðfest að landnýting væri þar með sjálfbærum hætti. Úrskurðir Matvælastofnunar eru byggðir á fyrrgreindri reglugerð en þar er í 13. gr. kveðið á um að öll landnýting skuli bæði vera með sjálfbærum hætti og standast viðmið um ástand lands sem tilgreint er í viðauka reglugerðarinnar.

Verði niðurstaða Matvælastofnunar á þann veg að landnýting þessara verst fögnu afrétta landsins teljist sjálfbær, yrði það fráleit niðurstaða og móðgun við þann fjölda vísindamanna sem fjallað hafa um landýtingarmál hér á landi, sem hafa með vísindalegum rökum sýnt fram á að umræddir afréttir landsins eru með öllu óbeitarhæfir og landnýting með sauðfjárbætur á þeim getur ekki orðið með sjálfbærum hætti næstu áratugina eða aldinar. Það kann að vera að slíkur úrskurður Matvælastofnunar myndi standast lagalega túlkun á núgildandi reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, en hann yrði í freklegri mótsögn við allar beitar- og landnýtingarrannsóknir hér á landi og brot á alþjóðlegum samningum sem Íslendingar eru aðilar að, er varða sjálfbæra þróun. Hver sem niðurstaðan verður, er ljóst að forsvarsmenn sauðfjárbænda hafa á undanförunum árum blekkst neytendur með fullyrðingum um að sauðfjárframleiðsla hér á landi væri með sjálfbærum hætti.


Verði þetta frumvarp að lögum er Alþingi þar með að ramma inn ósannindi stjórnvalda til neytenda um að framleiðsla alls kindakjöts hér á landi hafi verið og verði með sjálfbærum hætti.

Sértækar athugasemdir

1. Ljóst er að framkvæmd búvörulaga og þ.m.t. búvörusamnings hefur víðtæk áhrif á vistkerfi og ástand lands. Í „Athugasemdum við lagafrumvarp þetta“ er ekki að finna að neitt samráð hafi verið haft við umhverfis- og auðlindaráðuneytið við gerð þessa frumvarps. Þrátt fyrir að forsetaúrskurður nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands kveði á um að umhverfis- og auðlindaráðuneytið fari með málefni er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda þar á meðal skilgreiningu á viðmiðum þar að lútandi. Það einkennir aðdraganda þessara búvörusamninga hvað lítið/ekkert samráð var haft við þá hagaðila sem fara með vörslu landsins.
2. Flestir þeir sem fjallað hafa af þekkingu og reynslu um hugsanlega áhrif búvörusamningsins eru sammála um að framkvæmd hans muni leiða til fjölgunar sauðfjár. Þau ákvæði samningsins sem hvað mestu máli skipta eru þannig úr garði gerð að í þeim er innbyggður hvati til fjölgunar fjár. Þetta á þannig a.m.k. við um 3. gr. um greiðslumark og beingreiðslur (a.m.k. hvað varðar breytt hlutfall vetrarfóðraðra kinda á móti ærgildum), 4. gr. um gæðastýringu, 5. gr. um gripagreiðslur, 6. gr. um nýbýlisstuðning og 7. gr. um ullarnýtingu. Talið er að fjölgunin verði fyrst og fremst þar sem síst skyldi. Þ.e. á Suðurlandi. Þó þetta liggi ekki ljóst fyrir er a.m.k. ljóst að engin tilraun er gerð til þess að stýra þeirri fjölgun sauðfjár sem ætla má að geti orðið á þann hátt að fjölgun verði helst þar sem ástand lands býður frekar upp á það. Þvert á móti er talið líklegra að fjölgunin verði þar sem nær allir afréttir eru óbeitarhæfir og næg atvinna er til staðar og óþrjótandi verkefni við landgræðslu. Nær væri að greiða bændum fyrir landgræðslustörf til lífsviðurværis þeirra, en til að framleiða vöru þar sem gríðarleg offramleiðsla er fyrir.
3. Það er auðvitað fráleitt að framleiða með ósjálfbærum hætti lambakjöt til útflutnings með ærnum kostnaði fyrir almenning í landinu og óbætanlegum skaða á illa förnú landi fyrir komandi kynslóðir.
4. Finna verður leiðir til að fækka sauðfé um þriðjung á landinu og styrkja byggðir þar sem lítið er um atvinnu með því að greiða bændum fyrir að bæta landið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Þeir hafa sýnt á liðnum árum að það kunna þeir svo sannarlega.
5. Ljóst er að nú er tækifæri til þess færa sauðfjárrækt á Íslandi raunverulega til nútímans og alger synd væri að sleppa því tækifæri. Tækifærið felst í því að stunda þetta búskaparform raunverulega í sátt við umhverfið en það er hægt og til þess þarf mikið minni breytingar en margir hafa talið.

Meginniðurstaða undirritaðs er því sú, að áður en frumvarp þetta til breytinga á búvörulögum o.fl. verði samþykkt þá verði að endurskoða búvörusamninginn um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Það getur ekki verið ásættanleg niðurstaða að við skattborgarar eigum að niðurgreiða rányrkju á landinu okkar til þess eins að selja útlendingum. Hlutaðeigandi stjórnvöld landbúnaðarmála og forsvarsmenn bænda verða að hætta að skrökva því að neytendum að íslenska lambakjötið hafi verið og sé framleitt með sjálfbærri landnýtingu. Því fer víðs fjarri.

Virðingarfyllst,


Sveinn Runólfsson.

kt. 280446-549

Tröllhólum 39. 800 Selfossi.